

A.R.E.A.
Art Region End of Africa



A.R.E.A.²⁰⁰⁰

Art Region End of Africa

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

nóvember 2000 — janúar 2001

Sýningarstjóri / Curator: Gavin Young

Formáli

Mér er það mikil ánægja að óska suður-afrískum listamönnum til hamingju með þá staðfestu sem þeir sýna í listsköpun sinni og fyrir að deila hugmyndum sínum með fólki um allan heim.

Suður-Afríku hefur miðað drjúgt áfram við að umbreyta sér sem þjóð, og boðið um að sýna suður-afríska myndlist á Íslandi er aðeins seinasta staðfestingin á með hvaða hætti heimurinn er að opna hug sinn og hjörtu fyrir hugmyndum frá Afríku. Það leiðir af sjálfu sér að það er mjög örvandi að sjá að helmingur þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni eru blökkumenn, og að frumleiki var eini mælikvarðinn við val þeirra.

Það er vel kunn staðreynd að hin myndræna ímynd býr yfir sérstökum hæfileika til að tjá óhlutlægar hugmyndir. Hinir fornu San listamenn okkar hafa nú hlotið viðurkenningu fyrir að hafa skapað myndlist á heimsmælikvarða, sem einkenndist af miklum fínleika og háþrúðu táknmáli. Þessi fagurfræðilega hefð kemur fram í kraftmiklum formun í ýmsum þeim verkum sem eru hlutar af sýningunni A.R.E.A. - Art Region End of Africa - Listheimurinn við enda Afríku.

*Hæstvirtur M.C. Ramaphosa,
Ræðismaður Íslands í Jóhannesarborg*

Preface

I am pleased to join in congratulating South African artists on their commitment to the cause of creativity and the sharing of ideas in a global context.

South Africa has gone a long way towards transforming itself and the invitation to exhibit South African art in Iceland is but the most recent affirmation of the extent to which the world is opening its arms, and minds, to ideas from Africa. It follows that we all derive comfort from the knowledge that half of the 47 artists represented on this exhibition are black and that originality was the only yardstick.

The power of the visual image to express abstract ideas, is well known. Our earliest San artists are now credited with having produced a world-class art of great subtlety and intellectual symbolism. This aesthetic legacy finds compelling form in many of the works forming part of the exhibition A.R.E.A. - Art Region End of Africa.

*The Honourable M. C. Ramaphosa
Consul to Iceland*



Inngangur

Hugmyndin að baki sýningunni A.R.E.A.²⁰⁰⁰ kviknaði fyrir nokkrum árum, þegar ég eignaðist fyrir tilviljun bók, sem bar það einkennilega nafn *Art of the South African Townships* eftir Gavin Young, prófessor við Listadeild Háskólans í Höfðaborg í Suður-Afríku. Það var undarlegt og um leið heillandi að sjá, að jafnvel við þær ógnvekjandi aðstæður, sem aðskilnaðarstefna stjórnvalda þar í landi bjó landsmönnum, gat listin þrífist og jafnvel dafnað; sköpunargleðin lét ekki kúga sig, jafnvel fyrir lögregluríkinu í hinni gömlu Suður-Afríku.

Í Suður-Afríku á sér nú stað einhver merkasta tilraun 20. aldarinnar á sviði þjóðfélagsuppbyggingar, sem er síðan endurspegluð í myndlistinni. Þar eru nýir straumar í myndlist að taka þátt í samfélagi sem er að leita eftir að þróast á jafnréttisgrunni, þar sem áður ríkti skarpur aðskilnaður kynþátta um áratuga skeið og samhliða því stríðsástand um margra ára tímabil. List samtímans þar í landi þarf því að takast á við langvarandi afleiðingar nýlendustefnunnar, sögu landsins og leit að nýju þjóðerni, ef svo má segja. Í samtímanum eru það listamenn af ensku og hollensku bergi brotnir sem þurfa að leitast við að skilgreina sig sem Afríkumenn, jafnvel þótt fjölskyldur þeirra hafi búið í Suður-Afríku í margar kynslóðir.

Við afnám aðskilnaðarstefnunar var sem þjóðin væri leyst úr læðingi, og þrátt fyrir margvísleg vanda-
mál sem því fylgdu hefur listin verið mikilvægur hluti af því þjóðfélagi sem er að þróast í landinu. Það er vel þess virði að bjóða Íslendingum að sjá með eigin augum, hvernig ungt listafólk er að takast á við nýja tilveru. Gavin Young tók málaleitan okkar um að stjórna slíku verkefni af stakri ljúfmennsku, og ég vil þakka honum sérstaklega fyrir samstarfið, sem hefur gert sýninguna A.R.E.A.²⁰⁰⁰ að veruleika.

Foreword

The idea behind A.R.E.A.²⁰⁰⁰ goes back a few years, when I, quite by chance, aquired a book with the strange title *Art of the South African Townships* by Gavin Young, Professor at the School of Art at the University of Cape Town in South Africa. It was curious and at the same time exciting to see that even under the horrible circumstances that the Apartheid policies of the government created for the people, art survived and even flourished; creativity was not subdued, even in the police state of the old South Africa.

South Africa is now the home of one of the most remarkable experiments of the 20th century in social re-building, an experiment that is in turn reflected in the visual arts. There, new currents in art are taking part in a society that is attempting to develop on the basis of equality, where there was before a clear separation of races for many decades, resulting in a virtual state of war for many years. Contemporary art in this country therefor needs to confront the longterm consequences of colonialism, the history of the country and the search for new national identity, so to speak. Today, it is artists of English and Boer decent, that need to define themselves as Africans, even though their families have lived in South Africa for many generations.

With the abolition of Apartheid it is as if the nation has been set free, and in spite of the numerous difficulties associated with that art has been an important part of the society that is developing in the country. It is well worth it to invite Icelanders to see with their own eyes how young artists are confronting this new existence. Gavin Young accepted our proposal with pleasure, and I want to thank him for all the cooperation that has helped make the exhibition A.R.E.A.²⁰⁰⁰ become a reality.

Eiríkur Thorláksson
Forstöðumaður / Director

A.R.E.A.²⁰⁰⁰ Art Region End of Africa

Þegar gerð er grein fyrir listsköpun á afmörkuðum landsvæðum kemur fljótt að þeim vanda að þessi listsköpun er sjaldnast einsleit.

Í margbrotnu þjóðfélagi eins og Suður-Afríku, sem er í örri þróun - og á auk þess að baki sögulega fortíð sem einkennist af aðskilnaðarstefnunni - þá er skorturinn á glöggri samfélagslegri og menningarlegri heildarmynd afar augljós. Vegna þess að listin hefur ekki gengið í gegnum hreinsunareld byltingar þar sem nýjar víglínur hafa verið dregnar í frjóum jarðvegi kynþáttanna, er enn of snemmt að ræða um ‚suðurafríska list‘. Til að slíkt væri hægt þyrfti að líta framhjá of mörgu og gera of miklar málamiðlanir. Það mundi einnig kalla á gildismat sem væri um of markað af evrópskum menningarbakgrunni.

Samt sem áður biður heimurinn um ‚suðurafríska list‘. Ekki í sama skilningi og suðurafríska stærðfræði eða í formi þjóðernisyfirlýsingar, heldur í vinsamlegum og auknum skilningi á hinu sérstæða. Andstætt þessu er að sjálfsögðu hægt að benda á straum alþjóðavæðingar og heimsmenningar sem þvær burt þjóðleg einkenni og dregur upp mynd af sumum listamönnum sem hreinlega ‚alþjóðlegum‘.

A.R.E.A.²⁰⁰⁰ er sýning á samtímalist í alþjóðlegu samhengi og því verður í tengslum við hana að spyrja annarra og kannski erfiðari spurninga. Í framhjálaupi viðurkennum við að það eru harla litlar líkur til þess að myndmál verði afl í samskiptum milli fólks sem talar u.þ.b. ellefu ólík tungumál, sérstaklega þegar haft er í huga að sjónlistum er ekki gert hátt undir höfði í hinu nýja þjóðfélagi okkar. Þegar málin eru skoðuð frá ákveðnu sjónarhorni gera listamenn sér grein fyrir því að þrátt fyrir knýjandi þarfir er erfitt að gera mikla fjárhagslegar kröfur til ríkis og sveitarfélaga. Skortur á lágmarkshúsnæði á sumum svæðum og heilbrigðiskerfi og skólakerfi í fjársveltum letja menn meðal annars til slíks. Á hinn bóginn harma listamenn þá sóun á almannafé sem hlýst af spillingu.

Það er einnig bagalegur skortur á framsýni og vilja til að notfæra sér það sem við búum að. Um það eru örlög tvíæringins í Jóhannesarborg skýrt dæmi.

Eftir aðra sýninguna, árið 1997, sem var ekki eins yfirgripsmikil og hin fyrsta en þó afar vel heppnuð, ákváðu yfirvöld í Jóhannesarborg að stytta tvíæringinn um mánuð. Því var haldið fram að ákvörðunin hafi verið tekin af fjárhagsástæðum (sýningin á að hafa verið of dýr og sögð hafa skort hljómgrunn meðal almennings). Samt sem áður var ekkert tillit tekið til þess að við þetta töpuðust tækifæri til að þróa listalíf Suður-Afríku í alþjóðlegu samhengi. Né heldur að hún veitti tækifæri til að upplýsa almenning og stuðla að betra myndlæsi.

Sem mikilvægur alþjóðlegur viðburður blés tvíæringurinn lífi í niðurníddan miðbæ Jóhannesarborgar og veitti fólki atvinnu. Með lokun tvíæringisins hafa eyðilendur borgarinnar stækkað og ná nú yfir gamla fjármála- og viðskiptahverfið, þar sem höfuðstöðvar nokkurra stórfyrirtækja hvíla rykfaltnar. Illa var komið fram við forstöðumann tvíæringisins 1997, Okwui Enwezor. Nú hefur honum þó sjálfsagt verið fyrirgefið allt eftir að þjóðverjar viðurkenndu hæfileika hans með því að gera hann að forstöðumanni hinnar víðkunnu Documenta-sýningar. Sinnuleysið gagnvart tvíæringnum í Jóhannesarborg var hvortveggi í senn, heimskuleg pólitík og heimskuleg hagfræði.

Þýðir þetta að sjónlistum sé að hnigna í Suður-Afríku?

Þvert á móti. Nýlegir viðburðir hafa slegið á slíkar áhyggjur. *Returning the Gaze, The One City Festival* (sem Zaid Minty skipulagði) og *Soft Serve* í Höfðaborg. *Retreks*-verkefni Rodney's Place (sem unSUNg CITY var hluti af), *Tour Guides of the Inner City* eftir Stephen Hobbs og *Two Icons* eftir Kathryn Smith í Jóhannesarborg. Allar þessar sýningar náðu til fjölmenns hóps áhorfenda og mörkuðu sér ný svæði, tækni og hugtakanotkun. Þrátt fyrir hunsun af hálfu stjórnvalda (í samanburði við annað) eru sjónlistir í Suður-Afríku á uppleið.

Listmennirnir sem eiga verk á A.R.E.A.²⁰⁰⁰ sýningunni vinna allir með grunnhugmyndir hins staðbundna. Þeir skilja hina sögulegu þýðingu Suður-Afríku og reyna að sporna við því að verk þeirra verði nýrri nýlendustefnu að bráð. Allir vita þeir að þar til nýlega var suðurafriksk list að miklu leyti sköpuð eftir forskrift ríkisins, uppfull af táknmyndum valdakerfis sem stjórnaði ferðum fólks innan ríkisins, og að sjálfsögðu háð nefndum sem höfðu umsjón með aðskildri listmenntun og listalífi. Hvert svið sem hver listamaður um sig einbeitir sér að er vettvangur þar sem hægt er að vinna að nýju samkomulagi. Þó að stefna gamla valdakerfisins hafi átt að vera hvíta minnihlutanum í hag var smán þess slík að enginn hagnaðist á því. Kerfið var máttvana og allir sem komu nálægt því urðu fyrir barðinu á því, hvítir jafnt sem svartir. Þegar við horfum á miðbæ Jóhannesarborgar, eins og Stephen Hobbs og fleiri hafa gert með ýmsum listviðburðum, þá vitum við að við erum að verða vitni að einhvers konar endanlegri refsingu. Rodney Place sér Jo'burg sem (sökkvandi) skemmtiferðaskip og nággranna þess í norðri (Sandton) sem nýtt 'bantustan' (leppriki þar sem svertingjar réðu að nafninu til) fyrir tiskumeðvitaða 'umlungus' (hvítungja). Óseljanlegar og ónothæfar höfuðstöðvar stórfyrirtækja standa á víð og dreif um snyrtilegt net strætanna. Flótti fjármagnsins er auðsær hvert sem litið er.

Kathryn Smith tekst á við þetta viðfangsefni í verkum sem hún kallar *Lethal Places* (Dauðagildir). Listasafni Jóhannesarborgar er eins og öllum borgarlistasöfnum í Suður-Afríku komið fyrir í garði alsettum skipulegum grasreitum með blómskrýddum útlínum. Án þess að fara beinlínis út í frásögn af staðreyndum notfærir Smith sér þessa ímynd af opnum, grænum svæðum. Hún gæðir þær dýpri merkingu sem að sumu leyti á rætur að rekja til þess ótta sem getur lædst að konum á yfirgefnum stöðum, en tengist að öðru leyti viðfangsefnum sem er að finna í bókmenntum og þeim hugmyndatengslum sem vakna á tilteknum stöðum. Verkið vísar einnig til myndskreiðs í kvikmyndinni *Blowup* (Stækkun) eftir Michelangelo Antonioni frá sjöunda áratugnum. Þar tekur ljósmyndari myndir af elskendum í almenningsgarði en þegar komið er í myrakraherbergið uppgötvar hann lík manns í bakgrunni myndarinnar. Smith notar Kodachrome-liti sjöunda áratugarins í stafrænum stækkunum sínum á sakleysislegum gördum Jóhannesarborgar.

Hinar munúðarfullu ljósmyndir Stephens Hobbs af þekktum stöðum í Jóhannesarborg vekja jafnframt óhug. Myndband hans *54 Storeys* (54 hæðir) er aðeins átján sekúndna langt. En nógu langt þegar sjálfsvíg er annars vegar. Í þessari hverfulu 8 mm kvikmynd sjáum við í

einu lagi sýndarmynd af síðustu augnablikunum í meðvituðu frjálsu falli (mörg sjálfsvíg hafa átt sér stað í Ponte-byggingingunni), og greinargerð um deyjandi byggingu. Hér eru umskiptin alger. Ponte-turninn er sívalur og lykur um inni kjarna sem er orðinn fullur af rusli, og Hobbs dregur upp mynd af húsi sem er fallið í valinn.

Marlene Dumas er hægt að finna stað bæði innan Suður-Afríku og utan. Í viðtali við Anton Corbijn lýsir hún nýlegum verkum sínum sem ferli sem „afhjúpar þar til komið er inn að því dapurlega kynferðislega aðdráttarafli sem máir út öll eftirnöfn og gerir nafnið sjálft að skáldskap”.¹ Á einhvern hátt virðist þessi hugsun eiga við um verk Terrys Kurgans. Hann vinnur með fjölskylduljósmyndir, stundum ljósmyndir af eigin börnum, en hjá honum er einnig að finna tækifærisljósmyndir í verkinu *Lost and Found* (Tapað-fundið), sem hefur yfir sér blæ skáldskapar. Slikjur af ljósum, dökkum og aflituðum litum virka eins og hindrun á minningar. Alex Dodd líkir þeim við ‚göng‘², leiðslur sem liggja að hinu harðneskjulega lífi götunnar þar sem enginn gengur undir fullu nafni og þar sem sveipir klæðanna verða að líkklæðum. Við könnum eigin minningar um ástvini og söknuð. Myndir geymdar, til öryggis. Þegar við leitum að þeim þá finnum við ekkert annað en úrkastið; fjölskyldu-myndirnar sem er safnað saman ásamt negatífunum ef vera skyldi að einhver vildi fá stækkanir. Í myndum Kurgans finnum við brosandí andlit, en við sjáum líka lykilinn í gamaldags gluggaumbúnaðinum. Ljósmyndavél í höndunum á barni eða frænda. Við minnumst þess með eftirsjá að við höfum gleymt.

Thembinski Goniwe vinnur náði úr þeirri spennu sem enn hefur ekki tekist að draga úr milli hefðbundins afríksk samfélags og nútímans. Hann beinir sjónum sérstaklega að síðvenjum sem tengjast umskurði og húðrispun, og því hlutverki sem síðirnir gegna fyrir þær væntingar sem gerþar eru til sjálfmyndar karlmannna.

Goniwe rannsakar þær væntingar í röð stórra bleksprautuprentaðra mynda sem líkja eftir glansmyndunum sem beint er að svartri borgarastétt og upprennandi svartri elítu. Í myndröðinni, sem hann kallar *Face Value* (Við fyrstu sýn), er hæðst að fjórum slíkum glanstímaritum - Bona, Pace, Thandi og Drum — með því að skipta á venjulegum ungum tískufyrirsætum og ‚abakweta‘ (innvígðum ungum karlmanni með andlitið málað ösku). Á forsiðu Drum eru fyrirsagnir í æsifregnastíl, eins og „Hvernig ég slapp úr einangrun vígslunnar - særður lærisveinn segir frá“, „Hryllingsmeðferð hjá hinum morðóðu ‚sangomas‘“.

Stórar prentmyndirnar með djúpum, sterkum litum og skörpum útlínunum gefa til kynna heim handan vígslunnar, handan síðvenjunnar, inni í hinu nýja lífi sem vestræn samfélög neita að viðurkenna að kunni að vera upprunalegt.

Tengslin milli sýnar og ofbeldis birtist í undirlögum ímyndanna og í sannfæringunni sem skín úr nýjum manngerðum Goniwes. Augnaráð fyrirsætunnar mætir hinu vestræna af heillandi jafnaðargeði. ‚Raunsæi‘ þeirrar myndtækni sem hann notar gerir trúverðuga upplausn þess sem vanalega er litið á sem tvo heima - heim hefðarinnar og hinn vestræna heim sem dregur kennivald hins fyrrnefnda í efa.

Göfgandi ljósmyndir Zwelethus Mthethwas rannsaka hugmyndir um líkamann, sjálfmynd og það sem Octavio Zaya kallar „tákn um auð, fegurð og glæsileika”.³ Þessar myndir eru ekki ‚tekna‘ í þeim skilningi að einhver taki mynd ‚af‘ fyrirmyndinni, heldur frekar ‚gefna‘. Þeir sem sitja fyrir í myndum Mthethwas eru ekki tregir til né heldur samstarfsmenn. Þeir afhjúpa allt sem er að sjá í svefnherberginu og virðast taka þátt í gerð ljósmyndarinnar.

Þetta ætti ekki að koma á óvart því Mthethwa staðfestir að hann leyfir fyrirmyndinni að koma sér fyrir að eigin vild. Sumir hafa því dregið samlíkingu við Seydou Keita frá Malí, sem leyfir þeim sem hann tekur myndir af að velja sér sjálfir stellingar og sviðsetningu. Sá munur er á að Mthethwa er ekki atvinnuljósmyndari og er ekki að gera heimildarmyndir.

Mthethwa er umhugað um að endurreisa sjálfsvirðingu þeirra sem lítið er á sem fórnarlömb vegna atvinnuleysis og lítið annað en númer í tölfraedi fátæktarinnar.⁴ Mthethwa tekur sér nægan tíma til að vinna með miðil sinn og snýr margsinnis aftur til að taka myndir af sömu félagslegu og persónulegu aðstæðunum. Óformleg hífýlin eru að mörgu leyti einangraðar rýmiseiningar. Aðgangur frá vegum og skipulag styrkja aðskilnað frá formfestu. Ljósmyndir Mthethwas rjúfa mörkin og gefa stærri áhorfendahóp aðgang að sundruðum og sundurleitum stíl.

Umbúaaefnið sem íbúarnir nota til að þekja veggina á tveggja herbergja íbúðunum að innan er einn þáttur í ögruninni. Sjálfsöryggi þeirra sem sitja fyrir á myndunum er mikilvægur hluti af því drama sem ljósmyndirnar í heild gæða lífi. Raunsær still hans er hvorki hlutlaus né útsmoginn. Þar er heldur ekki að finna háðsádeilu eða íhugula eftirhermu að hætti Honorés Daumiers. Þess í stað uppfylla verk Mthethwas þá hugmynd sem hann gerir sér um hvað ætti að sjást, sem er í samræmi við það sem hann veit fyrir satt.

Myndasýning Williams Kentridge er í þremur hlutum og heitir *Echo: Scan/Slide/ Bottle* (Bergmál). Hún endursegir söguna af Ódyseifi. Echo er ekki ólík teiknimynd hans, *History of the Main Complaint* (Sagan af helsta umkvörtunarefninu), hvað varðar grannskoðun á líkamsbyggingu, notkun CCD-myndefnis og tifandi kolateikningar, sem eru einkennandi fyrir hann. Það eru einnig sterk tengsl við samstarf hans við uppsetningu Handspring's Puppet Company á *Il Ritorno d'Ulisse*, eftir Monteverdi. Echo og leiksýningin eru bæði byggð á óperu Monteverdis frá 1641. Í óperunni segir frá því þegar Ódyseifur snýr aftur úr Trójustríðinu og endurfundum hans og Penelópu. Kentridge segir að Monteverdi og textahöfundur hans, Badoaro, „hafi bætt við forleik þar sem eðlisþættir Mannlegs veikleika, Tímans, Gæfunnar og Ástarinnar deila um hvernig Ódyseifi muni farnast. Það var þessi forleikur, þar sem meginviðfangsefnið var veikleiki mannsins, sem laðaði mig að óperunni, frekar en hetjulund. Í allri óperunni, bæði í tónlist og orðum, takast stöðugt á hin bjartsýna vissa Ódyseifs að hann muni bjarga sér og sú forlagatrú að allt sé honum ofviða.“⁵

Í gegnum fjölskyldu og vinnu hefur áhugi Kentridge á læknisfræði vaknað. Á sama hátt og líkaminn getur gefið til kynna með ytri sjúkdómseinkennum að ekki sé allt með felldu í líkamsstarfsemi, þá ber landslagið með sér vísbendingar um félagslegan sjúkleika eða óróa. Kentridge hefur fundið nýjar hliðstæður milli hinnar einmanalegu athafnar að teikna og þeirrar félagslegu athafnar að sækja leikhús, með því að vinna með eiginleika landslags, oftast nær úr Jóhannesarborg, og læknisfræðilegar myndatökur.

Hluti af undirbúningi hans fyrir Echo fólst í því að skoða myndbönd gerð með tækni sem notuð er við að taka myndir af mannslíkamanum, eins og magaspeglanir og hjartaþræðingarmyndir. Hann hafði sérstakan áhuga á hjartaþræðingarmyndum, sem eru röntgenmyndir af kransæðum hjartans, og eitt af þessum myndböndum af hlykkjóttum æðum varð að ímynd eldingar.

Það er mikilvægt að hafa þetta í huga til að skilja frekar ókræsilegan áhuga Kentridge á líkamsstarfsemi í samhengi við siðferðilegt landslag. Hann sér þessa mynd fyrir sér sem „eldingu í líkamanum“.⁶ Hliðstæðan gefur okkur frekari innsýn inn í aðrar athugasemdir hans; hann hefur sagt að „við getum friðþægt innri starfsemi líkamans - en erum að sjálf-

sögðu á valdi hennar og hún mun á endanum tortíma okkur". Hann segir einnig: „Við erum í stöðugri hættu, bæði að innan og að utan. Bæði eru annað ... og hvar er þá sú granna lína sem aðskilur ytri og innri eldingar sem við eignum okkur?"⁷

Með því að beina sjónum að þessum ummælum er ef til vill verið að leggja of mikla áherslu á hina angistarfullu eiginleika í verkum Kentridge. Sýn hans er heildstæð. Verk hans spanna lífið, hið mannlega, í lagskiptri veröld þar sem ekkert er einfalt. Þetta er sá kross sem hann ber. Hann tekur ekki af skarið og áhorfendur verða því að velja sjálfir. Þetta er vandinn í nánast öllum hans verkum.

„Rakar og mannlegar.“ Þannig lýsir Julian Engberg⁸ myndum Ángelu Ferreira af húsi föður síns í Maputo. Hún er án efa að bregðast við hitabeltisgróðrinum sem einkennir höfuðborg Mósambíkur, sem gekk undir nafninu Lourenco Marques á meðan Mósambík var portúgölsk nýlenda. Greinarmunurinn er mikilvægur fyrir rannsókn Ferreira á sambandinu milli landa-kortagerðar og nýlendustefnu, og hvernig ‚sannleikurinn‘ verður vafasamur þótt hann sé sannreynanlegur á nánast sjálfsævisögulegan hátt.

Kortagerðarmenn nota ýmsar aðferðir til að sýna hnött á flötum pappír. Gríðarlegar ýkjur eru óhjákvæmilegar, þótt nákvæmni og hlutföll eigi að vera markmiðið. Misræmið verður því meira sem nær dregur pólunum, sem verður til þess að ‚gamli heimurinn‘ virðist miklu stærri og landfræðilega mikilvægari en þau svæði sem liggja nær miðbaug. Innsetning hennar, *House Maputo*, notfærir sér á skoplegan hátt tvær ólíkar aðferðir við kortagerð sem baksvið fyrir hús föður síns. Húsið var byggt 1958 og aftur 1999, tuttugu og fjórum árum eftir að landið hlaut sjálfstæði. Í annarri útgáfunni andar myndin mjúklega inn og út en í hinni er sjónrænt tíf. Uppsetning Ferreira er gerð til að leggja áherslu á ‚skoðun‘ sem ferli.

Allen Feldman er að gera þjóðháttfræðilega úttekt á Sannleiks- og sáttanefnd Suður-Afríku. Hann lítur svo á að ‚frásagnir‘ sé elsta aðferðin til að hafa stjórn á pólitískum sýnileika og ósýnileika.⁹ Hann var náttúrulega að skrifa um Norðureyju (Northern Island), en áhrifin á aðskilnað landanna tveggja eru svipuð. Andries Botha og Senzeni Marasela vinna báðir með ‚frásagnir‘.

Marasela skoðar pólitískar minningar í gegnum grafíkmyndir og blúndusaum gerðan til minningar um baráttumenn sem týndu lífi í átökunum. Botha er að vinna að verkefni sem felst í því að safna sögum hjá konum sem búa í Kwa Zulu Natal-héraði í Suður-Afríku. Þessi vinna hefur skilað sér í stóru verki í níu hlutum sem heitir Handan föðurlands. Verkið vísar til umdeilds landsvæðis Zulu-þjóðarinnar, nýlendustjórnarinnar og viðvarandi ofbeldis milli pólitískra andstæðinga á undanfórnum árum. Með því að vinna með fínriðni net af bómullarpappír, mannshárum og latexi hefur hann safnað saman lagskiptum vitnisburði sem er fenginn frá kortum, munnlegri geymd og skrifuðum textum. Gegnt þeim setur hann þrjú myndbönd með karlmannlegum ímyndum. Í DAKart 2000-sýningarskránni bendir Marilyn Martin á að rýmið milli kortanna og myndbandanna sé „staður framandi langana og ofbeldis“. Með því að vera fundinn staður á milli verkanna er áhorfandinn „fastur í deilunni“.¹⁰

Sue Williamson er einnig viðriðin ferli ‚frásagnar‘. Williamson, sem hefur löngum verið baráttukona í listum, rithöfundur og listamaður, hefur tekið fyrir HIV-veirusjúkdóminn og alnæmið. Að hennar mati er baráttan við alnæmi nú mikilvægasta viðfangsefni Suðurafrikumanna. Áætlað er að tíundi hver Suðurafrikubúi sé smitaður af HIV-veirunni. Í verkum sínum, sem heita einfaldlega *Adeline*, *Busi* og *Benjy*, segir Williamson frá þremur smituðum einstaklingum sem eru nógu hugrakkir til að tjá sig opinberlega með veggjakroti. Venjulega er veggjakrot nafnlaust - en í þessu samstarfsverkefni, sem ber heitið *From the inside* (Að innan), skrifar höfundurinn undir eigið veggjaverk. Með þessu móti vonast Williamson til að

„hvetja til umræðu, staðfesta rétt almennings og brjóta niður þagnarmúrinn sem umlykur alnæmi“.¹¹ Þetta virðist ætla að bera árangur. Williamson hefur sagt að samvinnan hafi gefið sumum þeirra HIV-smituðu sem hún vann með nýjan kraft.

Sem kona sem tilheyrir tveimur menningarheimum getur Berni Searle, notað nafn sitt, sem er hefðbundið enskt ættarnafn til pólitísku hagræðis. Hún getur notað það, eða lýst því yfir að hún sé lituð eða svört, til þess að hún verði skoðuð í öðru ljósi. Þetta líkamlega ástand þess að tilheyra eða tilheyra ekki, er lykilatriði við að skilja verk hennar, sem lokkar fram ýmsar útgáfur af borgararéttindum í ‚gömlu‘ Suður-Afríku og hvernig þeim er hagað í núverandi ástandi. Með því að lita hendur og fætur og með því að þekja líkamann í litarefnum og ilmefnum kannar hún ólíkar hugmyndir um sjálfsmynd. Searle segir: „Kynþáttur er einn lífseigasti þátturinn sem hefur miðlað og mótað sjálfsmynd“¹² í Suður-Afríku. Enda var ‚ekki-hvítur‘ (Non-White) heitið sem notað var um fjölskyldu hennar og milljónir annarra Suðurafrikubúa á tímum aðskilnaðarstefnunnar. Á sama hátt og suðurafrikt samfélag hefur þurft að vinna sig út úr þeim deiluefnum sem hafa fylgt afneitun og ásökunum fjallar hún í verkinu *Red Pool, Blue Mark, Black Stain* (Rauður pollur, blátt merki, svartur blettur) úr *Disclosure Series* (Afhjúpunarröðinni) um þessi viðfangsefni í gegnum landslagsmyndir og með því að gera myndir af eigin líkama. Þrátt fyrir að Searle haldi því fram að það sé enginn ‚upprunalegur‘ sjónarhóll sem hægt er að tjá sig frá er hún gagnrýnin á það sem hún kallar ‚gapandi gjá‘ milli þeirra sem gera skapa myndirnar og þeirra sem myndir eru gerðar af, og hvernig fleiri raddir fá nú að heyrast í umræðunni um mótun sjálfsmynda í Suður-Afríku.¹³

Greg Streak fjallar einnig um ‚rýmið inn á milli‘. Myndbandssýning hans sem er í þremur hlutum, *Dreams in Red, Leaving (blue)* (Draumur í rauðu, (blár) yfirgefinn), og *Jaundiced (yellow)* (Með gulu (gulur)), sýna það sem Virginia MacKenney kallar „þrískipta mynd í tíma“.¹⁴ Í þessari tilfinninganæmu og bókmenntalegu sýningu spilast þrjár ‚leiksýningar‘. Allar vísa til lítefnis sem geranda og allar vekja upp viðbrögð mannlegrar nálægðar.

Athuganir Stephens Inggs á hversdagslegum hlutum bjóða upp á samanburð við þá áherslu sem er að finna í verkum svissnesku listamannanna Peters Fischlis og Davids Weiss á hlutum sem okkur sést yfir. Þær minna einnig á málverk Giorgios Morandis sem eyddi fimmta áratugnum í að mála sömu kyrralífsuppstillinguna aftur og aftur. Inggs hefur áhuga á því sem Norman Bryson kallar ‚rhopografíu‘ og skilgreinir þannig að „rhopografía finnur sannleikann um mannlega tilveru í þeim hlutum sem mikilfengleikanum hefur yfirsést“.¹⁵ Aðalatriðið er ekki að upphefja disk, eða gaffal, eða skeið, heldur að afmarka hið sýnilega til að skapa skilyrði fyrir sjálfskoðun og hugleiðslu.

Claudette Schreuders finnur pólitíkina í hinu persónulega og verk hennar spyrða suðurafrikt sérmálefni saman við þann bálk málefna sem hefur hlotið almenna viðurkenningu. Í verkum hennar renna saman skarpur skilningur á hinu staðbundna og menningarlegu yfirvaldi og hin breiða hefð figúratífs tréskurðar í Afríku. Við fyrstu sýn virðast verk hennar persónugerving (amma, föðurmynd, sólbaðsdýrkendur), en breytast í kröftugt olnbogaskot þegar áhorfandinn áttar sig á háðinu.

Hliðstæðan við vesturafrískar ‚metano‘-figúrur (notaðar til að ‚sýna‘ eða kenna í vaVenda-menningu) er sláandi og meðvituð. Meistaraprófsverkefni Schreuders fjallaði um þetta efni og hún hefur í framhaldinu þróað margbrotið listform. Figúrnar eru alltaf vel útfærðar og samofnar. Viðfangsefni rötleysis og sinnuleysis er ofnar saman við hugleiðingar hennar um ‚uitlander‘.¹⁶ Sem persónur í sögu virðast þær koma úr bókmenntum frekar en frásögnum.

Mynstur þjóðernisstefnu og yfirvalds, sem nauðsynlegt er til að skilja ofbeldið í Suður-Afríku, hefur verið sérstaklega til skoðunar í einstöku verkefni með þátttöku sagnfræðinga

og graffiklistamanna sem búa við austanverðan Góðrarvonarhöfða. Fine Line Press & Print Research Unit og Underpressure Agency stofnuðu sagnfræðilegan vinnuhóp sem fjallaði um bardagan við Grahamstown. AmaXhosa-kynþátturinn réðst undir forystu höfðingjans Ndlambe á breska vígið við Grahamstown 22. apríl 1819 með hörmulegum afleiðingum. AmaXhosa-stríðsmennirnir voru stráfelldir og árás þeirra var notuð til að réttlæta harðneskjulegar aðgerðir í kjölfarið. Allir AmaXhosa-frumbyggjar voru reknir yfir Keiskamma-ánna í aðgerðum sem líktust kynþáttahreinsunum nútímans.

Verkefnið var kallað *Egazini* sem var nafn Xhosa fyrir bardaga. Bókstafleg merking þess er 'blóðvöllur'. Tuttugu og níu listamenn (bæði menntaðir og ómenntaðir) lögðu fram hugmyndir og myndir sem komu út hjá útgáfufyrirtækinu Fine Line Press, en það tengist Rhodes-háskóla.

Þótt hún hafi ekki beinlínis tekið þátt í *Egazini*-sýningunni vann Sophie Peters með atvinnu-graffiklistamanni¹⁷ við að framleiða framúrskarandi persónulega grein sína um, að vera listamaður'. Silkiprent hennar, *I'm lost inside my tears* (Ég er týnd í tárnum mínum), setur hjarta hennar á borð prentpressunnar, reiðubúið til að fórna öllu sem hún hefur glatað og endurheimt í leit sinni að eigin sjálfi.

Mark Haywood og Jeremy Wafer virðast vinna í anda naumhyggju. Við nánari skoðun er því álitni áhorfandans kollvarpað. Með því að ljósmynda sandöldurnar við Dias-skarð fyrir utan Port Elizabeth tekur Haywood stökk aftur í tímann til 1488 þegar Bartolomeo Dias helgaði sér þar land með steinkrossi, eða 'padrão'. Hann notar bæði pósitívur og negatívur filmur til að vísa til hrjóstrugs og að því er virðist yfirgefins landsins. Fyrir Haywood er ekki lagður sami skilningur í ímyndir 'ósnortins' lands í norurevrópskri og suðurafrískri myndhefð. Þótt segja megji að með því að gera frumbyggja ósýnilega í málverkum nýlendusinna hafi menn verið að sjá fyrir útrýmingu þeirra (eða a.m.k. hluta af menningu innfæddra) þá eru mannláusar sviðsetningar á villtri náttúru, sem urðu vinsælar þegar Vesturlandabúar komust fyrst í snertingu við landsvæðið, notaðar til að vekja upp tilfinningu fyrir 'göfuglyndi og mikilfengleika'.¹⁸

Jeremy Wafer hefur framleitt kvikmynd í fullri lengd um mauraþúfu. Þetta minnir á sígilda mynd Andys Warhols frá sjöunda áratugnum, *Sleep* (Svefn). Myndavélin er læst í lóðréttri stöðu fyrir ofan eitt opið, og þrengir þannig – eins og Stephen Inngs gefur í skyn – að sjónrænu áreiti áhorfandans til að hann geti leitað inn á við og hugleitt.

Íþróttaáhugamenn kannast við auglýsingar sem eru málaðar á leikvelli og virðast svífa yfir vellið þegar horft er á þær frá ákveðnu sjónarhorni. Bonita Alice hefur tekið upp þessa tækni og notar hana í tveimur nýlegum verkum. Alice líkir eftir tækninni að fullu og öllu leyti og í réttri stærð. Árið 1998 útbjó Alice tvö knattspyrnuíð í sérstökum búningum, og árið eftir tók hún langt viðtal við yfirvallarvörðinn á dádasta ruðningsvelli Suður-Afríku. Var það hluti af undirbúningi hennar fyrir verkið *Turf* (Völlur).

Turf samanstendur af þremur útgáfum af verki sem hún vann við Barnato Park-skólann í Berea, í Jóhannesborg. Í samvinnu við aðstoðarmenn sína útbjó Alice þrjár útgáfur af dæmigerðri suðurafrískri táknmynd, bárujárninu. Myndir hennar af bárujárnsplötum sem snúið hefur verið upp á koma stöðugt á óvart, jafnvel þótt þær séu skoðaðar frá ákjósanlegu sjónarhorni. Þær eru sannarlega leyndardómsfullar.

Jane Alexander vinnur með myndir sem eru á mörkum örvæntingar og hættu. Stundum fullar af heimsósóma, og stundum miskunnsamar, en alltaf er útilokað að gleyma samsettum ímyndum hennar eða líta framhjá þeim. Alexander vinnur sem skúlptúristi og ljósmyndari.

Í myndröð sinni *African Adventure: Cape of Good Hope* (Afrískt ævintýri, Góðravararhöfði) bræðir Alexander sérstaka tegund af borgarlandslagi saman við tölvuunnar myndar af eigin skúlptúrum. Þar sem þær hafa orðið fyrir áhrifum af veggjakroti götugengja er talsverður skyldleiki milli skúlptúranna og samsettu svarthvítu myndanna.

Í „Afríska ævintýrinu“ er að finna fimm viðfangsefni. *To the Cape of Good Hope* (Að Góðravararhöfða) fæst við útsýnið sem blasir við áður en komið er inn í Höfðaborg frá Karoo. *To Work* (Til vinnu) lýsir sér sjálf og hin þrjú sækja titla sína í veggjakrot götunnar og nöfn verslana í miðborginni þar sem Alexander bjó áður. Þessar fimmtán ‚endursagnir‘ grafa undan venjulegum, kyrrlátum lýsingum á Höfðaborg og aðflutningsleiðum hennar, og leggja til nýjan lestur á ‚móður‘-borginni. Myndröðin *Adventure Centre* (Ævintýramiðstöð) teflir til dæmis saman andstæðum milli fyrirheitsins um ‚raunverulegar‘ afrískar veiðiferðir og samanklippra lýsinga á þeim vaxandi fjölda sem hrekst til Höfðaborgar frá heimaslóðum sínum.

Alexander finnur til sterkrar samkenndar með heimilislausum. Figúrur hennar virðast vita hvernig það er að vera sífellt á jaðrinum og þær hafa yfirbragð hins þögula og óhagganlega sjálfsöryggis útlendinga. Ef við þurfum lykil til að skilja naprar myndlýsingar Alexanders, þá er hann sú uppgötvun af hálfu áhorfandans að þeir eru einnig þátttakendur í þessu ‚afríska‘ ævintýri sem eru heimkynni okkar.

Jo Ractliffe er annar listamaður sem við getum sagt að vinni úr myndum af heimkynnum og hinu staðbundna. Með því að vinna með vítt svið ólíkrar ljósmyndataekni og stilbragða, þar með talið „camera obscura“ („pin hole“) og tækifærisljósmyndir, hefur Ractliffe fullkomnað hina ónákvæmu ljósmynd. Á vefsíðu Sue Williamson, Artthrob, skrifar Ractliffe að hún hafi áhuga á ‚þrá, missi og löngun‘. Þessa hverfulu eiginleika er að finna í sýningu hennar *End of Time* (Endalok tímans) í Nieu-Bethesda árið 1999. Þrjú fáránleg auglýsingaskilti skryddu Karoo-landslagið, sem er nánast eyðimörk, eitt þeirra með mynd af asna. Þessi vísun í ‚karr-etjie mense‘¹⁹ með jaðarslífstíl sínum á sér hliðstæðu í ljósmyndum hennar út um bílglugga af hinu alræmda Vlakplass á kjördegi 1999.²⁰


Nýjasta verk Ractliffes, *Minedump* (Námuhaugur), flytur frægasta kennimerki Jóhannesarborgar til Íslands. Verkið var hluti af sýningu sem Stephen Hobbs stjórnaði og hét *Tour Guides of the Inner City* (Leiðsöguferðir um miðborgina). Með því að kjósa að vinna með námuhaug vildi Ractliffe „afmarka eitthvað sem varðaði uppruna borgarinnar - borg sem á uppruna sinn græðgi að þakka - ávallt að endurskapa sjálfa sig, en á margan hátt trú uppruna sínum“.²¹ Mynd hennar af haugnum, sem er eins og lágmynd, er gefið líf með opnun og lokun ljósopsins. Fléttuð kaldhæðni og skuggalegum þrám verður þessi táknmynd Egoli - borgar gullsins - að því sem Allen Feldman gæti hafa kallað „aðskiljanlegan hluta af augnaráði valdastéttarinnar og nafnhverfingu fyrir kúgun á rými“.²²

Reykjavík, Höfðaborg — október 2000

Gavin Younge vinnur á alþjóðavettvangi sem myndhöggvari, rithöfundur og sýningarstjóri. Meðal nýjustu sýninga hans eru þátttaka í Champs de la Sculpture 2000-sýningunni í París og tvær einkasýningar í Frakklandi: Gilets du Sauvutage í Nîmes og Collection Privé í París. Hann er prófessor við Háskólann í Höfðaborg þar sem hann kennir höggmyndalist og ráðgjafi við Ríkislistasafnið í Amsterdam.


Tilvísanir:

- ¹ Marlene Dumas. 2000 'Live Acts, Silent Studios'. Í *Stripping Girls*, Anton Corbijn, Marlene Dumas. Amsterdam.
- ² Alex Dodd, 'A tunnel to the voices and images of a distant past', myndlistargagnrýni, Mail & Guardian, ágúst 2000.
- ³ Octavio Zaya 1999, 'Identity Webs', í *Zwelethu Mthethwa*, Marco Noire Editore, Torínó (bls. 2).
- ⁴ Opinber fyrirlestur, ágúst 2000. Michaelis School of Fine Art, Háskólinn í Höfðaborg. Sjá einnig Thomas Mulcaire, 'Zwelethu Mthethwa', Home. Art Gallery of Western Australia, 2000, bls. 54-61.
- ⁵ William Kentridge 1998. 'The Body Drawn and Quartered', óbirt grein.
- ⁶ Sama
- ⁷ Sama
- ⁸ Signs of Life. Sýningarskrá fyrsta alþjóðlega Melbourne-tvíæringsins. Melbourne 1999.
- ⁹ Allen Feldman 1997 Public Culture 10 (1): bls 24-60, Duke University.
- ¹⁰ Marilyn Martin, ódagsett, óbirt athugasemd um listamanninn, 2000.
- ¹¹ Sue Williamson, óbirt athugasemd, 2000.
- ¹² Einkabréf, 17. okt. 2000.
- ¹³ Sjá Kathryn Smith, 'Berni Searle', í FNB Vita Art Prize Exhibition Catalogue, FNB Vita Art Awards & Sandton Civic Gallery, 2000.
- ¹⁴ Virginia MacKenney, 'Divine', sýningarskrá fyrir sýningu Andries Botha og Greg Streak í NSA Gallery, apríl/maí, 2000.
- ¹⁵ N. Bryson, *Looking at the Overlooked*, Harvard Univ. Press, Mass., 1990.
- ¹⁶ 'Útlendingur' á búamáli, afrikaans. Schreuders lítur á Englendinga og Búa sem útlendinga.
- ¹⁷ Malcolm Christian rekur Caversham Press í Caversham í Natal-miðlondum. Hann hefur starfað með mörgum listamönnum við gerð grafíkmapna.
- ¹⁸ Einkabréf, ágúst 2000.
- ¹⁹ Bein þýðin: 'asnakerrufólk' - farandverkafólk sem ferðast milli búgarða í leit að vinnu
- ²⁰ Nafnið á leynilegri gæsluvarðahaldsstöð þar sem stundaðar voru pyntingar og sem starfrækt var af löggæslumönnum úr fyrrum stjórn Suður-Afríku.
- ²¹ Einkabréf, október 2000.
- ²² Allen Feldman 1997 Public Culture 10 (1), Duke University, bls. 47.



Andries Botha

HANDAN FÖÐURLANDS / BEYOND A HOMELAND, 1999
Blönduð tækni / Mixed media, (hluti / part)



Ângela Ferreira
MAPUTO HÚSIÐ / HOUSE MAPUTO, 1999
Myndband, innsætning / Video installation (hluti / part)



Bernie Searle

UMMERKI / TRACES, 1999

Hluti úr verkinu 'Litaraðir' / Detail from 'The colour series'



Bonita Alice


VÖLLUR / TURF, 2000
Litljósmyndir, þrístæða / Colour photography, triptich (hluti / part)



Claudette Schreuders

TILHEYRANDI — SÓLSTINGUR / BELONGING — SUNSTROKE, 2000

Jacaranda, jara, avókadó-viður, smelti / Jacaranda, jara avocado wood, enamel



Still from : Jaundiced (yellow) 2000

Greg Streak

MEÐ GULU (GULUR) / JAUNDICED (YELLOW), 2000
Kyrmynd úr myndbandi / Video still



Jane Alexander

HEIMASTÖRF — UPPSKERUTÍMI / HOMEWORKS — HARVEST TIME, 1999
Stafrænt prent á pappír / Digital print on paper



Jeremy Wafer

MAURAPÚFA / ANTHOLE, 2000
Myndband / Video projection



Jo Ractliffe

NÁMUHAUGUR / MINE DUMP, 2000
Stafrænt prentað veggspjald / Digital poster print



Kathryn Smith

DAUÐAGILDRUR / LETHAL SPACES # 3, 3. 3. 2000
Stafrænt prent á PVC net / Digital print on PVC mesh



Mark Haywood

NORÐUR / SUÐUR / NORTH / SOUTH, 2000

Stafrænt prent á við og leðurkassa / Digital print on wood and leather case



Senzeni Marasela

HINIR FJÓRU FRÁ CRADOCK / CRADOCK FOUR, 2000
Perlur, blúndur, og silkiprent / Beads, lace and screenprint




Sophie Peters

ÉG ER TÝND Í TÁRUM MÍNUM / I'M LOST INSIDE MY TEARS
Silkiprent á pappír / Silkscreen on paper



Stephen Hobbs

54 HÆÐIR: TÁKNMYND MIÐBORGARINNAR
54 STOREYS: ICON OF THE INNER CITY, 1999
Myndband / Video



Stephen Ingg

SAMFELLA I, II, III, IV / CONTINIUM I, II, III, IV, 2000
Litógrafía (hluti) Lithograph (detail)



Sue Williamson


ADELINE, 2000
Ljósmynd á spjald / Photograph on board



Terry Kurgan

TAPAD-FUNDIÐ / LOST AND FOUND, 2000

Stafræn prentun á silki (hluti) / Digital print on silk organza (part)




Thembinkosi Gonwie

VIÐ FYRSTU SÝN: BONA / FACE VALUE: BONA, 1999
Tölvuunnið útprint / Computer manipulated inkjet poster print



William Kentridge

BERGMÁL / ECHO: SCAN / SLIDE / BOTTLE
Kyrrmynd úr teiknimynd (hluti) / Still from animation (detail)



Zwelethu Mthethwa

ÁN TITLS — ÚR KARLMENNSKU-SERÍUM, 2000
UNTITLED — FROM THE MASCULINITY SERIES, 2000
Litljósmyndir / Colour photography



Listamenn/ Artists:

G. Baille, D. Beyi, V. Booi, G. Clarke-Brown, C. Dixie, R. Dardagan, B. Fatman, T. Foulds, R. Gongqa, H. Graham, J. Kloppers, V. Khumalo, N. Lindi, A. Loubser, P. Lubelwana, S. Mamani, M. Mazungula, A. Mlisana, M. Mngcongo, N. Mullins, R. Ngxingo, M. Nyumka, C. Starke, A. September, N. Tana, V. Teyise, D. Thorburn, Z. Toyi, C. Xonxa

**EGAZINI — BARÁTTAN UM GRAHAMSBORG
EGAZINI — THE BATTLE OF GRAHAMSTOWN**

Prykk á Fabriano pappír / Print on Fabriano paper.

Samvinnuverkefni sagnfræðinga og gráflílistamanna. Alls 29 myndir (Hluti)
Collaborative project involving community historians, academics and both
community and professional artists. Consisting of 29 prints. (Details)

A.R.E.A.²⁰⁰⁰ Art Region End of Africa

The challenge for a study of a specific, geographically centred art practice is that its forms of representation are rarely univocal. In a complex, evolving society such as South Africa - one which, more over, is surfacing from a deep and divided past-the lack of a defining social and cultural cohesion is even more apparent. Without having passed through the purifying process of a revolution, and with new battle lines drawn in fertile racial grounds, it remains too early to talk of a 'South African art'. To do so would invoke too many elisions and approximations. It would also invoke values and qualities determined by a Eurocentric past.

And yet the world does want a 'South African art'. Not in the sense of a South African mathematics or some nationalistic manifesto, but in the warmer, less ghetto-ized sense of particularity. Against this, of course, is the stream of internationalism and globalisation, which washes away geographic biography and renders certain artists cleanly 'international'.

As an exhibition of contemporary art in a global setting, A.R.E.A.²⁰⁰⁰ has to pose different, perhaps more difficult questions. In passing, we recognise that the prospect for visibility becoming a force for communication between peoples speaking some eleven different languages is severely curtailed by the low level of priority accorded the visual arts in our new society. On one level, artists would agree that there are other pressing claims on national and provincial budgets. The lack of even basic housing in some areas, and the under-funded education and health-care systems, is a measure of this. On the other hand, artists deplore the wastage of state funds through corruption.

There is also a lamentable lack of vision and capacity in capitalising on what we do have. The fate of the Johannesburg Biennale is a good example.

After the second, less inclusive, yet highly successful showing in 1997, the Greater Johannesburg Metropolitan Council decided to cut short the biennale by one month. This decision was allegedly made on financial grounds (too expensive, not enough public support). Yet no account was taken of the loss of opportunity for the development of South African art and culture in a global context. Nor for the development of informed and visually literate viewerships.

As a large international event, the biennial brought life and jobs to a depressed, inner-city wasteland. Following the demise of the Johannesburg Biennale, this wasteland is now enlarged to include the old financial and commercial district where several corporate headquarters lie mothballed. The commissioner for the second Johannesburg Biennale, Okwui Enwezor, was treated rudely. No doubt forgiven as the German nation recognised his special abilities and appointed him commissioner of the more famous Documenta. Civic apathy over the Johannesburg Biennale was stupid politics and stupid economics.

Does this mean that the visual arts are in decline?

On the contrary. The recent slew of citywide interventions dispels this anxiety. 'Returning the Gaze', The One City Festival (co-ordinated by Zaid Minty), and 'Soft Serve' in Cape Town. Rodney Place's ongoing 'RETREKS' project (of which unSUNg CITY was part), Stephen Hobbs' 'Tour Guides of the Inner City', and Kathryn Smith's 'Two Icons' in Johannesburg, all claimed wide viewerships and staked out new terrain, technologies and terminology. Despite official neglect (comparatively speaking), the visual arts in South Africa are burgeoning.

The artists represented on A.R.E.A.²⁰⁰⁰ all work with interstitial paradigms of place. They understand the historical significance of South Africa, and contest simplistic re-colonisation of their œuvre. Each of these artists knows that, up until very recently, South African art was, in the main, an art scripted by the state. Full of scopic regimes of influx control, 'pass books', 'administration boards', mielie boards, meat boards, and of course, segregated education and performing arts councils. Each specific area of individual focus, is also a site for renegotiation. Although the policies of the former government were designed to benefit whites, the ignominy of that system benefited no one. The system was truly dysfunctional and impoverished all within its reach, white and black alike. As we look at the inner city of Johannesburg as Stephen Hobbs and others have done through various art-related interventions, we know that we are looking at some final retribution. Rodney Place sees Jo'burg as a (sinking) ocean liner and its northern neighbour (Sandton), as a new 'bantustan' for trendy 'umlungus' (white people). Unsaleable, unusable corporate headquarters litter the neat grid of city blocks. The flight of capital is obvious where ever one looks.

Kathryn Smith takes on this theme in works she calls 'Lethal Places'. The Johannesburg Art Gallery, like all municipal art museums in South Africa, lies in a park replete with landscaped lawns, and herbaceous borders. Without descending into documentary narrative, Smith works with these benign images of green belts and open spaces. She invests them with an 'intent' which is drawn partly from the fear that women might feel in lonely places, and partly from an unravelling of themes drawn from literature and psychometry (note to translator = in the sense 'supposed derivation of facts from associated events, or places). The work also references a central episode in Michaelangelo Antonioni's 1960s film classic *Blowup*. In the film, trendy photographer David Hemmings lazily photographs a couple of lovers in a park. Back in the dark room he discovers what appears to be the body of a man in the background. Smith uses 60s style kodachrome colour in her digital 'blow up' of an innocuous park in Johannesburg.

Stephen Hobbs highly sensuous photographs of Johannesburg landmarks are simultaneously images of recoil. His *54 Stories* is only 18 seconds long. As far as suicides go, that's long enough. Compressed into these fleeting 8mm moving images we have both the simulacrum of the last moments in a conscious free fall (the Ponte building is home to many successful suicide attempts), and an essay on a dying building. Here the substitution is complete. The Ponte tower is circular and encloses an inaccessible central core. This has filled up with garbage, and Hobbs gives us an image of a building, which has fallen to its death.

Marlene Dumas occupies a place inside and outside South Africa. She describes her recent works with Anton Corbijn as akin to a process of "stripping down to that melancholy sex appeal that makes surnames disappear and first names fictional".¹ Somehow this thought seems appropriate to the work of Terry Kurgan. Although Kurgan works with family photographs, and sometimes with images of her own children, her work entitled *Lost and Found*

includes 'found' family snaps and has a fictional quality. These sheaths of light and dark and desaturated colour, act as foils to memory. Alex Dodd likens them to 'tunnels' ² As conduits to the hard world of street life where surnames have disappeared, these swaying cloths become shrouds. We investigate our own remembering of ones loved and lost. Pictures put away 'for safety'. When we need them, all we can find are the rejects. The family photographs kept together with their negatives in case someone wants a blow up. Inside Kurgan's images we find the smiling faces, but we also see the key in the old-fashioned metal window frame. The camera given too early to a sibling or a cousin. We remember with remorse, that we have forgotten.

Theminkosi Goniwe works closely with the largely unresolved tension between traditional African society and its contemporary counterpart. His specific focus is on ritualised aspects of circumcision and scarification, and the part that these practices play in framing expectations about male identity.

Goniwe interrogates this expectation in a series of large inkjet prints that emulate glossy magazines aimed at the black bourgeoisie and growing young black elite. Called *Face Value*, the series parodies four different such magazines; *Bona*, *Pace*, *Thandi*, and *Drum*. Substituting the normal chic young model with an equally chic *abakweta* (young male initiate, his face painted with ash). The cover of 'Drum' bears such racy titles as "Why I left the ritual seclusion-injured novice tells all" and "Horror treatments of the killer *sangomas*".

These large prints and their deep luxuriant colour and deep-etched profile hint at worlds beyond ceremony, beyond ritual. Inside the new life which western attitudes refuse to recognise as authentic.

The link between vision and violence finds form in the substrate of his imagery and in the confidence of Goniwe's new archetypes. His model's gaze counters that of the presumed Western viewer's with a beguiling equanimity. The 'realism' of his pictorial devices gives credibility to the dissolution of what is normally presented as two worlds-the world of tradition and the Western world which questions its authority.

Zwelethu Mthethwa's dignifying photographs interrogate notions of the body, identity, and what Octavio Zaya calls in respect of his recent work, signs of "wealth, beauty and elegance". ³ These images have less a 'taken' quality (in the sense that the photographer 'takes' an image away from the subject), than a quality of having been given. Mthethwa's sitters are not reluctant, nor are they accomplices. They reveal almost all of what is there to be seen in their bedrooms, and appear to participate in the making of the photograph.

